

rjettindum fyrir sakir ólíkra trúarbragða" sje einnig við höfð á Íslandi, því hún getur líka, ef til vill, orðið þar þýðingarmeiri, þegar að útlendum þjóðum er nú leyfð verzlun á Íslandi. Það er auk þessa alkunnugt, að margir Gyðingar eru mjög nýtir og atorkusamir kaupmenn, og það hefur sýnt sig, að þess konar hleypidómar, er menn sumstaðar, t. a. m. í Noregi, hafa um langan aldur haft móti þeim, hafa að síðustu hvorfið, og hin rjetta skoðun hefur rutt sjer til rúms, að Gyðingar sjeu nyt-samir, yðjusamir og friðsamir borgarar.

1855.

9. júní.

Hvað Ísland snertir, þá er hleypidómur sá, er menn virðast hafa þar enn móti þeim, því undarlegri, þar eð dæmi eru til þess, að Gyðinga kaupmenn hjer hafa haft verzlun á Íslandi, og haft þar verzlunarfulltrúa sína, en þegar að þeim hefur nú ekki orðið neitað um þetta, virðist ekki ástæða til að neita þeim um að hafa aðsetur á Íslandi, þar eð það er þó almennt álitinn meiri hagnaður fyrir landið, að kaupmennirnir hafi þar fast aðsetur en að þeir láti verzlunarfulltrúa stjórna verzlun sinni.

Að öðru leyti væri það að líkindum hentast, að þessum lögum, sem einkum voru gjörð til að burtrýma ýmsum vandkvæðum, sem eptir hinni eldri dönsku löggjöf, einkum tilskipun 29. marz 1814, 19. og 20. gr., voru á því, að útlendir Gyðingar gætu tekið sjer aðsetur hjer í landi, yrði breytt þannig, þegar þau verða lögleidd á Íslandi, að þau eigi við, eins og þar hagar til, og einkum þyrftu þau að ná ekki einungis til útlendra Gyðinga heldur einnig innlendra eða danskra Gyðinga, eins og líka nefnd sú, er sett var á alþingi 1853 til að ræða málið um lögleiðing þessa lagaboðs, benti á.

### 32. Brjef innanríkisstjórnarinnar til fjárstjórnarráðsins um djáknapeninga<sup>1</sup>. 13. júní.

Í tilskipun handa Íslandi, 21. marz 1575, var það boðið, að halda skyldi djákna á hverju hinna fjöggra klaustra í Hóla byskupsdæmi á Norðurlandi, það er að skilja, Þingeyrum, Möðru-

<sup>1</sup>) sbr. brjef 29. ágúst 1855 hjer á eptir.

1855.

13. júní.

völlum, Munkaþverá og Reynistað, og skyldu umboðsmenn klaustranna greiða þeim tæripeninga af árlegum tekjum klaustranna, í fyrstu þannig, að djákninn skyldi hafa fæði og klæði, herbergi með rúmi í ljós og hæfilega þjónustu, og að endingu 12 álnir vaðmáls. Seinna þótti nú samt óþarfi að halda djáknana, og var því djáknaeyrir tveggja djáknanna, á Skriðu- og Munkaþverárklaustrum, með konungsbrjefi 20. júní 1766 lagður til launa tveimur fjórðungslæknum á Íslandi; en sökum þess, að læknunum veitti örðugt að fá árslauð sín goldin af umboðsmönnum klaustranna, var það ákveðið með konungsúrskurði 21. apríl 1777, að landfógetinn á Íslandi skyldi greiða þeim laun þeirra, en heimta aptur djáknaeyrinn hjá umboðsmönnum þessara klaustra, 25 rdl. 48 sk. í kúranti hjá hvorum þeirra, sem varð, þegar breytingin varð á peningunum, 25 rdl. 48 sk. í silfri, dalur fyrir dal og skildingur fyrir skilding. Þegar þessu næst var stofnað nýtt læknisembætti í Vestfirðinga fjórðungi með konungsúrskurði 17. desember 1781, og þar líka ákveðið, að leggja skyldi því til launa djáknaeyrinn frá því djáknaembætti, er fyrst losnaði, má svo álíta, að djáknaeyrinn fyrir Reynistaðarklaustur frá 1782, þegar að djáknaembætti þetta, sem aldrei seinna hefur verið veitt, losnaði, hafi gengið í jarðabókarsjóðinn, sem fjórðungslæknilaunin ætíð hafa verið greidd úr; og þar eð ríkissjóðurinn, er fær hinar árlegu tekjur af klaustureignunum, sem eru í umboði á hans kostnað, hefur tekið að sjer öll útgjöld, sem leiða af læknaskipuninni, þá þarf ekki að gjöra sjer í lagi grein fyrir því hvernig djáknapeningum þessum hafi verið varið. Hin tvö djáknaembættin á Norðurlandi: á Möðruvalla og Þingeyraklaustri, voru fyrst lögð niður með konungsúrskurði 5. apríl 1837, og tekjur þeirra, fjögur hundruð í landaurum á ári, lögð til hlutaðeigandi brauða.

Sóknarpresturinn á Reynistaðarklaustri í Skagafjarðarsýslu, Ólafur Ólafsson, hefur í bónarbrjefi sínu — sem sent er til kirkju og kennslustjórnarinnar með álitu byskupsins á Íslandi, og sem það stjórnarráð hefur í brjefi sínu, er þar með fylgdi, borið undir álit innanríkisstjórnarinnar — sótt um, að tekjur þær, sem djákninn við þá kirkju áður hefur haft, yrðu veittar honum, viðlíka

og djáknatekjurnar á Möðruvalla og Þingeyraklaustri (árið 1837) 1855.  
 voru veittar til að bæta kjör hlutaðeigandi klausturpresta; og 13. júní.  
 hefur hann getið þess, að ef að ástæða hafi þótt til að bæta  
 kjör þessara presta, þá sje ekki minni þörf á að bæta brauðið  
 á Reynistaðarklaustri, þar eð tekjurnar af þessu brauði, að öllu  
 samtöldu, sjeu ekki nema hjer um bil 160 rd. í peningum, og  
 eins og á stendur dragist þó frá því þriðjungur handa presti þeim,  
 sem er í brauðinu, og landskuld og leigur af jörðunni Hafsteins-  
 stöðum, svo að laun þau, sem presturinn hefur afgangs, eru nú  
 sem stendur ekki meira en 70 rd., auk þess, sem hann kann  
 að fá af þeim svo kölluðu aukaverkum, sem valla er meira en  
 15 rd. á ári.

Þar eð þetta brauð er þannig meðal hinna fátækustu á Íslandi,  
 er það edlilegt, að kirkju- og kennslustjórninni hefur virzt það  
 æskilegt, að auknar væru tekjur þessa brauðs. En mjer hefur  
 þó, um leið og jeg bið um álit fjárstjórnarinnar um þetta mál,  
 þótt hlýða að bæta því við, að valla verði það álititð að stjórnin  
 sje skyldug að fara eptir því, er beiðandi skýrskotar til þess, er  
 gjört var við djáknapeningana á Þingeyra og Möðruvallaklaustri,  
 árið 1837; því stjórnin afsalaði sjer reyndar í það skipti tekj-  
 ur þessar, sem ríkissjóðurinn eða læknastofnanir landsins hefðu,  
 ef til vill, getað heimitað þegar djáknaembættin voru af tekin,  
 en sem stofnanir þessar ekki höfðu þá áður haft, til að bæta  
 hlutaðeigandi tvö brauð; en þar á móti leiddi af því, að veita  
 það sem hjer er sótt um, að greiða yrði úr ríkissjóðnum 60 til  
 80 rdli á ári hverju, og yrði það að minnsta kosti ekki veitt,  
 nema samþykki ríkisþingsins fengist, og hjer við bætist, að ef  
 þetta yrði veitt, þá mundi af því leiða, að viðlíka bónarbrjef  
 mundu koma frá prestunum á Munkaþverár, Skriðu, Þykkvabæj-  
 ar og Kirkjubæjar klausturkirkjum, er eins stendur á fyrir, og  
 þessum presti, þó að sá sje munurinn, að þessi brauð hafi öll  
 töluvert meiri tekjur. Það má líka sjá það, að rentukammerið  
 hefur skrifað hinu danska kanselí 20. júní 1840, út úr áþekkri  
 beiðni sóknarprestisins á Kirkjubæjarklausturbrauði í Skaptafells  
 sýslu í Suðurlandinu á Íslandi, að það, eptir því sem á stæði,  
 og sökum afleiðinganna, álitu sjer ekki fært að fallast á, að reynt

1855. væri að útvega beiðanda eða Kirkjubæjarklausturbrauði tekjur  
 13. júní. hins áður nefnda djáknaembættis er þá var af tekið, og síðan  
 neitaði kanselfið bæn þessari með brjefi sínu 14. júlí næst á  
 eptir.

15. júní. **33. Umburðarbrjef innanríkisstjórnarinnar til stiptamt-  
 mannsins og amtmannanna á Íslandi og amt-  
 mannsins á Færeyjum um að svensk og norsk skip  
 sjeu undan þegin aukagjaldi<sup>1</sup>.**

Þar eð umboðsmaður Svía og Norðmanna konungs hjer í  
 landi hefur fært sönnun fyrir því, að skipum þegna Danakonungs  
 sje nú veitt fullkomið jafnrjetti í tollum og skipgjöldum í svensk-  
 um og norskum höfnum, eru svensk og norsk skip, samkvæmt  
 auglýsingu innanríkisstjórnarinnar 24. marz þ. á. í Íslands höfn-  
 um að álfta sem dönsk skip, svo að ekki skal heimta af þeim  
 2 rðla aukagjald það af hverju lestarrúmi, sem ákveðið er í áður  
 nefndri auglýsingu.

6. júlí. **34. Brjef innanríkisstjórnarinnar til stiptamtmannsins  
 um verzlunarfulltrúa fyrir Svía og Norðmenn.**

Með brjefi þessu auglýsist herra stiptamtm. að utanríkis-  
 stjórnin hefur tilkynnt þessu stjórnarráði, að M. C. Bjering  
 kaupmaður sje nefndur til að vera verzlunarfulltrúi til vara fyrir  
 Svía og Norðmenn, og að hún hafi gjört honum skipunarbjef  
 8. f. m.

1) sbr. Auglýsing 11. ágúst 1855.